

78  
4. maí.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp nokkurt til laga um breyting á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu á síðasta alþingi og samþykkt af þinginu; er það efni frumvarps þessa, að borgun fyrir að skipta dánarbúum, þar sem ómyndugir erfingjar eru, einn eða fleiri, og upphæð dánarbúsins er undir 1000 kr. skuli færast niður úr  $1\frac{1}{3}\%$  í  $1\frac{1}{2}\%$  af allri upphæð dánarbúsins.

Þjer hafið tekið fram, að tilgangur lagafrumvarps þessa hafi vitanlega verið sá, að ljetta á ómyndugum erfingjum í búum þessum, en að niðurfærslan verði sumpart mjög lítilsháttar, þar sem hún aldrei geti orðið meiri en 8 kr. 33 aurar fyrir alla erfingjana í dánarbúi, og sumpart sje hún eins mjög því hjóna, er eptir lifir og myndugum erfingjum í vil, ef þeir erfa ásamt ómyndugum, en engin minnsta ástæða sje til slíkrar ívilnunar við þá gagnvart ekkli eða ekkju og erfingjum í búum, þar sem engir eru ómyndugir, en opinber skipti þó verða að fara fram af einhverri ástæðu. Þjer hafið ennfremur leitt athygli að ójöfnuði þeim, er fram komi við það, að niðurfærslan er miðuð við »brutto«-upphæð búsins, með því að sú upphæð, er til arfs fellur, getur, sökum skulda, verið minni í búum, sem eru yfir 1000 kr. að upphæð alls, heldur en í búum, sem eru undir þeirri upphæð.

Samkvæmt þessu hafið þjer látið það álit yðar í ljósi, að frumvarp það, er hjer er um ræða, verði að teljast ótímabær burður og vanbugsað, og teljið þjer auk þess óhentugt, að taka þannig út úr til breytinga einstaka ákvörðun í aukatekjureglugjörðinni, án tillits til sambands hennar við aðrar ákvarðanir þar. Þjer viljið því heldur mæla með því, að aukatekjureglugjörðin í heild sinni verði endurskoðuð eða að minnsta kosti þeir kaflar í henni, er þess er sjerstaklega þörf um, en tjáist ekki geta lagt það til, að leitað verði konungsstaðfestingar á frumvarpi því, sem hjer ræðir um.

Með því að jeg hlýt að vera yður samdóma um það, að heppilegra sje að aukatekjureglugjörðin frá 1830 verði endurskoðuð í heild sinni eða sjerstaklega að því er skiptagjöld snertir, heldur en að taka svo einstakt atriði til endurbóta sem það, er hjer er farið fram á, og sem heldur ekki í sjálfu sjer getur talizt heppileg breyting, hef jeg allra þegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu verði neitað um konungsstaðfestingu, og hefur hans hátign konunginum hinn 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra tillögu um þær breytingar á hinni núgildandi aukatekjureglugjörð, sjerstaklega að því er skiptagjöld snertir, er yður mætti virðast ástæða til, eptir að þjer, ef yður sýnist svo, hafið leitað álits hlutaðeigandi óæðri yfirvalda.